

Carmina Burana í Grafarvogskirkju

Kór Grafarvogskirkju, undir forystu Hákonar Leifssonar organista, stendur fyrir tónleikum á morgun, 5. maí, klukkan 17 í Grafarvogskirkju. Það er hið þekktu verk Carmina Burana eftir Carl Orff sem verður flutt þar af Stúlkna-kór Reykjavíkur og kór Grafarvogskirkju, ásamt einsöngvurunum Hlín Pétursdóttur Behrens sópran, Einari Clausen tenór og baritónsöngvaranum Jóni Svavari Jósepsyni. Hópur úr Musica Camerata sér um hljóðfærleikinn en í útgáfunni sem flutt verður er verkið útbúið fyrir tvo flygla og sex slagverksleikara. Sú útsetning hæfir efni ljóðanna vel.

Carmina Burana var frumflutt árið 1937 í Þýskalandi og tók sér stöðu sem eitt veigamesta kórverk klassískra tónbókmennta. Verkið hljómar reglubundið í öllum helstu



STJÓRNANDINN Hákon Leifsson heldur utan um alla þræði flutningsins.

tónleikasölum heimsins og hefur margsinnis verið flutt á Íslandi bæði í þessari útgáfu sem og stærri hljómsveitarbúningi.

Texti verksins er unninn upp úr handritinu Carmina Burana, „Kvæði frá Bæjaralandi“ sem talið er að hafi verið samið af farandskáldum miðalda og trúbadorum. Þar er fjallað um veraldleg málefni sem eiga jafnt við nú á 21. öld og á þeirri 13. svo sem fallvalleika tilverunnar en einnig gleði yfir komu vorsins. Um miðja síðustu öld þóttu áherslur ljóðanna um of fyrir neðan beltisstað en vekja ekki þannig viðbrögð meðal almennings á vorum dögum.

Stjórnandi tónleikanna er Hákon Leifsson og Margrét Pálmadóttir er stjórnandi Stúlkna-kórs Reykjavíkur.



JÓHANNES Í FJÖRKRÁNNI Hefur sinnt ferðamönnum í 22 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sagan sem tekjulind

Söguslóðaðing verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu í dag, 4. maí, milli klukkan 14 og 17. Það hefur yfirskriftina Sagan sem tekjulind enda verður þar fjallað um tækifæri til eflingar menningar- og söguferðaþjónustu á Íslandi og litið til reynslu Íra í þeim efnum. Því er aðalfyrirlesari Aidan Pender þróunarstjóri Ferðamálaráðs Írlands.

Eftir setningu Ólafar Ýrar Atladóttur, ferðamálastjóra, flytur Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Samtaka um söguferðaþjónustu, erindi og nokkrir reynsluboltar segja frá því hvernig þeim gengur að fanga athygli ferðamanna með sögutengdri ferðaþjónustu. Þeirra á meðal eru Kristján Baldursson frá Trex hópferðamiðstöðinni, Valgerður Guðmundsdóttir í Vikingheimum, Dagný Sigmarisdóttir úr Spákonuhöfinu á Skagaströnd, Birna Þórðardóttir sem gengur um götur Reykjavíkur og segir sögur í Jóhannes Viðar í Fjörkránni í Hafnarfirði. Skúli Björn Gunnarsson á Skriðuklaustri setur lokapunktinn á málþingið. Nánari upplýsingar eru á www.soguslodir.is.



KJARVALSSTAÐIR Sýning Antoni Tàpies stendur yfir til 20. maí.

Leiðsögn um Tàpies

Klara Þórhallsdóttir, nýráðinn verkefnastjóri fræðslu við Listasafn Reykjavíkur, leiðir gesti um sýningu katalónska listamannsins Antoni Tàpies (1923–2012) á Kjarvalsstöðum, sunnudaginn 6. maí klukkan 15.

Sýningin, sem ber yfirskriftina Antoni Tàpies – Mynd, líkami, tregi og stendur yfir til 20. maí, er nýtt og viðtækt yfirlit yfir starfsferil listamannsins og var unnin í nánú samstarfi við hann sjálfan, Fundació Antoni Tàpies stofnunina í Barcelona og Museum für Gegenwartskunst í Siegen í Þýskalandi, þar sem hún var fyrst sett upp. Sýningarstjóri er Dr. Eva Schmidt.

Tàpies er almennt talinn einn af helstu áhrifavöldum í þróun málverksins á síðari hluta tuttugustu aldarinnar, en á sýningunni getur að líta málverk frá rúmlega sjö áratuga ferli listamannsins. Tàpies var undir sterkum áhrifum frá súrrealískum málurum á borð við Miro og Klee í upphafi ferils síns, en síðar próaði hann sitt eigið myndmál með uppbyggðum myndfleti sem oft var ýfður upp með stöfum, tölum og táknum. Flest verka hans eru úr hversdagslegum hlutum, fundnu efni, mold, sandi, jarðvegi, þurrkuðu blóði og steinryki.

DEBENHAMS **Bláa**
bomban
VERÐSPRENGJA!

20%
viðbótarafsláttur
af allri útsöluvöru
Aðeins 3 dagar eftir

Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI